



LJÓSBOGAHÆTTUR

UPPLÝSINGABÆKLINGUR

Öryggisráð Samorku 2017

KAFLI 1

Almenn hættu

Hin almenna hættu í sambandi við ljósboga leynist víða í raforkukerfinu og vandasamt er að eiga við hana, hún er ekki sýnileg og fyrirboði um að ljósbogi sé að kvikna er enginn, en afleiðingarnar geta verið skelfilegar.

Það sem veldur eru ytri aðstæður sem erfitt er að ráða við, svo sem ryk, tæring, óhreinindi og neistamyndun. Neistamyndun og ljósbogi geta orðið af mannavöldum og mistök við störf geta leyst út ljósboga.


Afleiðingarnar eru margvíslegar, blinda, lungnaskaði, heilahristingur og bruni sem getur leitt til dauða.



KAFLI 2

Hvað er til ráða?

Fyrsta skrefið er að meta og reikna hættu á ljósbogamyndun í dreifikerfinu og skal það gert með viðurkenndum aðferðum. Setja þarf upp dreifikerfið nákvæmlega til þess að niðurstöður verði áreiðanlegar. Nota þarf nákvæmar lýsingar á öllum búnaði, svo sem fyrir aflspenna, varnarliða, strengi, loftlínur, aflrofa, bræðivör, ásamt rofabúnaði og venjulegum vinnufjarlægðum. Ennfremur þarf að skrá allar rekstrarstöður á kerfinu. Þetta er vissulega mikil vinna og mikilsverð vinna, sem getur bjargað mannlífum.



KAFLI 3

Merkingar

Eftir að hætta af völdum ljósboga hefur verið reiknuð út eða metin, þá er mikilvægt að merkja búnað eftir þeim stöðlum/kröfum sem farið er fram á miðað við niðurstöður útreikningsins. Hafa verður í huga að uppfæra þarf alla útreikninga og upplýsingar þegar breytingar eru gerðar á raforkukerfinu.





HÆTTA



Ljósbogahætta - Hættuflokkur 2



Notið ávallt viðeigandi öryggisbúnað



HÆTTA



Ljósbogahætta - Hættuflokkur 4



Notið ávallt viðeigandi öryggisbúnað

KAFLI 4

Fatnaður

ÖRYGGISBÚNAÐUR VEGNA LJÓSBOGAHETTU

Flokkur 1



- Eldtefjandi undirföt úr náttúrulegum trefjum
- Siðerma jakki og buxur eða samfestingur með ljósbogaþol að 4 Cal/cm²
- Öryggisgleraugu með óleiðandi umgjörð og hliðarhlífum
- Rafmagnspólnum öryggisskóm
- Hjálm úr óleiðandi efni
- Spennuþolna hanska samkvæmt spennustigi með leðurvörn

Flokkur 2



- Eldtefjandi undirföt úr náttúrulegum trefjum
- Siðerma jakki og buxur eða samfestingur með ljósbogaþol að 8 Cal/cm²
- Öryggisgleraugu með óleiðandi umgjörð og hliðarhlífum
- Rafmagnspólnum öryggisskóm
- Hjálm úr óleiðandi efni
- Spennuþolna hanska samkvæmt spennustigi með leðurvörn
- Andlitshlíf með ljósbogaþol að 8 Cal/cm²
- Hálshlíf / hetta

Flokkur 4



Flokkur 4 samanstendur af flokki 2 og að auki:

- Jakki og buxur með ljósbogaþol að 40 Cal/cm²
- Ljósbogaþolinn hjálmur með andlitshlíf og hettu að 40 Cal/cm²

KAFLI 5

Fræðsla og árvekni

Fræðsla og upplýsingar til starfsmanna orkuveitnanna eru lykilatriði í markmiði okkar, við að fækka/útrýma slysum af völdum ljósboga.

Markmiðið er að vekja menn til umhugsunar og meðvitundar um ljósbogahættuna, ekki með hræðsluáróðri heldur með skilvirkni stefnu og fræðslu, þar sem allir leggjast á eitt við að ná því markmiði, að allir starfsmenn komi heilir heim að loknum vinnudegi.

Samorka mun verða í framvarðasveit þessa verkefnis með námskeiðahaldi og fræðslu fyrir fulltrúa orkuveitnanna með það markmið að þeir sjái sjálfir um fræðslu og upplýsingafundi í sínum fyrirtækjum og annist eftirfylgnina hjá sínum samstarfsmönnum.



Unnið af Öryggisráði Samorku 2017
Gefið út af Samorku, Borgartúni 35, Reykjavík, sími: 5884430
Vistað á www.samorka.is

Kápumynd: Ó. Smári Kristinsson